Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta

Í þessu skjali er að finna lykilupplýsingar um þennan sjóð fyrir fjárfesta. Ekki er um að ræða markaðsefni. Samkvæmt lögum er skylt að aðstoða við skilning á því hvað felst í að fjárfesta í þessum sjóð og þeirri áhættu sem því fylgir. Ráðlagt er að lesa skjalið svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingu.

KKR US HIGH YIELD BOND FUND, sjóður í KKR Multi-Asset Class Credit Platform ICAV Flokkur A USD (uppsöfnun) óvarinn (ISIN-númer: IE0007CBBTY5)

Sjóðnum er stýrt af FundRock Management Company S.A. („rekstrarfélagið“)

Markmið og fjárfestingarstefna

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er betri afkoma en Bank of America Merrill Lynch High Yield Index („viðmiðið“) yfir eina lánsfjársveiflu. Sjóðurinn stefnir að betri afkomu en viðmiðið yfir lánsfjársveiflu, fyrst og fremst með tekjum ásamt hugsanlegri höfuðstólshækkun. Sjóðstjórinn telur nú að lengd lánsfjársveiflunnar sé u.þ.b. 4-5 ár en þar sem lánsfjársveiflur eru óstöðugar getur þetta breyst með tímanum. Sjóðurinn er undir virkri stjórn og hann leitast ekki við að ráðstafa fjárfestingum sínum á grundvelli neinnar markaðsvísitölu verðbréfa eða viðmiðsins. Engin trygging er fyrir því að afkoma sjóðsins verði sú sama eða betri en viðmiðið eða einhver önnur vísitala.

Sjóðurinn hyggst ná fjárfestingarmarkmiði sínu með fjárfestingum í dreifðu safni hávaxtaskuldabréfa og skuldabréfa með breytilegum vöxtum útgefnum af útgefendum sem eru stofnaðir eða skráðir í Bandaríkjunum og Norður-Ameríku eða eru hluti af samstæðu sem stundar meirihluta starfsemi sinnar í Bandaríkjunum eða Norður-Ameríku. Þessar fjárfestingar verða að meginhluta skuldabréf eða skuldabréf með breytilegum vöxtum þar sem lánshæfiseinkunn er á milli BB og CCC samkvæmt mati frá viðurkenndu matsfyrirtæki. Stefna sjóðsstjórans er að einbeita sér að tekjumyndandi hávaxtaskuldabréfum með verulegri áherslu á höfuðstólsvernd. Fjárfestingar sjóðsins geta verið verðbréf með föstum eða breytilegum vöxtum og geta verið veðtryggð forgangs-, óveðtryggð og víkjandi fyrirtækjaskuldabréf.

•Af og til getur verið að sjóðurinn fjárfesti í bréfum þar sem virði þeirra er ákvarðað af breytingum á verðmæti undirliggjandi eigna sem þau samanstanda af (afleiður). Þetta geta verið valréttir, frestssamningar, framvirkir samningar, skiptasamningar, skiptiréttindi, áskriftarréttindi, réttindi og breytanleg verðbréf í þeim tilgangi að vera með hagkvæmt eignasafn (þ.m.t. áhættuvarnir). Að vera með hagkvæmt eignasafn felur í sér: að draga úr áhættu, að draga úr kostnaði og myndun aukins höfuðstóls eða tekna fyrir sjóðinn sem fela í sér áhættu sem er í samræmi við áhættulýsingu sjóðsins.

•Einnig kann að vera að sjóðurinn fjárfesti í kauphallarsjóðum, þ.m.t. þeim sem flokkast sem sameiginlegir fjárfestingarsjóðir eða sem útgefendur framseljanlegra verðbréfa, í fjárfestingar- og sjóðstýringarskyni ásamt því að stuðla að hagkvæmu eignasafni. Sjóðurinn kann jafnframt að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í sameiginlegum fjárfestingarsjóðum.

•Einnig gæti verið að sjóðurinn fjárfesti beint í reiðufé og hann kann að fjárfesta allt að 10% af hreinum eignum sínum í peningamarkaðssjóðum.

•Sjóðurinn kann að fjárfesta allt að 10% af hreinum eignum sínum í endurkaupum, endurhverfum endurkaupum eða verðbréfalánaviðskiptum til að stuðla að hagkvæmu eignasafni eða fjárfesta í heildarskiptasamningum.

Fyrir frekari upplýsingar um fjárfestingarstefnuna, sjá „Fjárfestingarmarkmið og -stefna sjóðanna“ í útboðslýsingu sjóðsins sem er að finna á www.portal.kkr.com.


Gjaldmiðill undirsjóðsins er Bandaríkjadalur. Þessi hlutdeildarflokkur er í Bandaríkjadölum.

Þú getur yfirleitt selt hlutdeildarskírteinin þín á fyrsta virka degi í hverri viku (almennt á þeim degi sem bankar í Dublin og New York eru opnir) með því að senda beiðni til Apex Fund Services (Ireland) Limited fyrir klukkan 13:00 (að írskum tíma) á næsta virka degi á undan.

Lágmarkseignarhlutur í þessum hlutdeildarflokki er 1.000.000 Bandaríkjadalir.

Tilmæli: Hugsanlega hentar þessi sjóður ekki fjárfestum sem hyggjast taka fjármuni sína út innan skammst tíma.

Áhættu- og ávöxtunarlýsing



Flokkunin byggir á tiltækri ávöxtunarsögu sjóðsins ásamt ávöxtunarsögu svipaðs eignasafns. Engin ábyrgð er tekin á uppgefinni áhættuflokkun og hún kann að taka breytingum með tímanum. Áhættuflokkunin „1“ þýðir ekki að fjárfestingin sé „áhættulaus“. Söguleg gögn sem notuð eru til að reikna þessa flokkun kunna að vera óáreiðanleg vísbending um framtíðaráhættulýsingu.

Sjóðurinn er settur í þennan flokk vegna þess að mestur hluti eigna hans verður varanlega fólginn í fjárfestingum með föstum tekjum þar sem verðmæti sveiflast ekki verulega.

Þessir þættir kunna að hafa áhrif á verðmæti fjárfestinga sjóðsins eða leiða til þess að hann verði fyrir tapi.

- **Útlánaáhætta:** Hættan á tapi vegna vanefnda útgefanda sem ekki greiðir höfuðstól eða vexti á gjalddaga. Þessi áhætta er meiri ef sjóðurinn er eigandi lægra metinna skuldabréfa sem ekki eru í fjárfestingaflokki.
- **Gjaldmiðlaáhætta:** Sjóðurinn fjárfestir í öðrum gjaldmiðlum. Gengisbreytingar munu því hafa áhrif á verðmæti fjárfestingarinnar.
- **Áhættuvörn; Notkun afleiða:** Sjóðurinn kann að gera skiptasamninga, framvirka samninga og aðra samninga í áhættuvarnarskyni til að varðveita ávöxtun tiltekinnar fjárfestingar eða leitast við að verjast áhættu sem tengist fjárfestingum sjóðsins, þ.m.t. gengissveiflum og vaxtaáhættu. Þótt sjóðurinn kunni að njóta góðs af notkun áhættuvarnarviðskipta geta breytingar á gengi gjaldmiðla, vöxtum eða öðrum þáttum leitt til lakari heildarafkomu sjóðsins samanborið við þá afkomu sem sjóðurinn hefði notið ef hann hefði ekki stundað áhættuvarnarviðskipti.. Jafnframt getur kostnaður sem fylgir þessum viðskiptum dregið úr þeirri ávöxtun sem sjóðurinn hefði annars náð ef sjóðurinn hefði ekki átt í þessum viðskiptum. Fullkomin áhættuvernd er ekki möguleg og ekki er heldur hægt að verjast gengissveiflum sem hafa áhrif á verðmæti fjárfestinga að fullu.
- **Áhætta vegna hávaxtaskulda:** Hugsanlegt er að sjóðurinn muni, af og til, eiga skuldafjárfestingar sem kunna að vera flokkaðar sem fjárfestingar með „háum vöxtum“ (og þar með meiri áhættu). Í flestum tilfellum eru slíkar skuldir metnar lægri en „fjárfestingarflokkur“ eða eru án lánshæfismats og þeim fylgir viðvarandi óvissa og áhætta vegna slæmra viðskipta-, fjármála- eða efnahagslegra aðstæðna og hugsanlegs misbrests útgefanda á að greiða vexti og höfuðstól á réttum tíma. Markaðurinn fyrir hávaxtaverðbréf kann að fara í gegnum tímabil með miklu flökti og minni seljanleika.
- **Verðbólgu-/verðhjöðnunaráhætta:** Markaðsverð fjárfestinga í skuldabréfum lækkar almennt þegar verðbólga eykst vegna þess að gert er ráð fyrir að kaupmáttur framtíðartekna og endurgreidds höfuðstóls verði minna virði þegar það berst sjóðnum. Verðhjöðnunaráhætta er hættan á að verð í hagkerfinu lækki með tímanum - andstæðan við verðbólgu. Verðhjöðnun getur haft neikvæð áhrif á lánshæfi útgefenda og gert vanskil útgefenda líklegri sem getur leitt til lækkunar á verðmæti eignasafns sjóðsins.
- **Vaxtaáhætta:** Afkoma sjóðs getur orðið fyrir áhrifum af breytingum á almennu vaxtastigi.
- **Áhætta vegna fjárfestinga í skuldabréfum:** Sjóðurinn kann að fjárfesta í skuldabréfum eða öðrum verðbréfum með föstum tekjum, þ.m.t. án tæmandi talningar skuldabréfum með „hærri vöxtum“ (þ.m.t. utan fjárfestingarflokks). Slík verðbréf kunna að vera utan kauphallarviðskipta en það þýðir að viðskipti með þessa fjármálagerninga fara fram utan kauphallar á markaði sem er ekki jafn gagnsær og með hærra kaup-/söluálag en viðskipti í kauphöll. Að auki getur verið að sjóðurinn fjárfesti í skuldabréfum frá útgefendum sem eru ekki skráðir á markaði.
- **Markaðs- og efnahagsáhætta:** Sjóðurinn og útgefendur sem hann fjárfestir í kunna að verða fyrir mikilvægum áhrifum af markaðs-, efnahagslegum og pólitískum aðstæðum á heimsvísu og í þeim lögsagnarumdæmum og geirum sem þeir fjárfesta eða starfa í, þ.m.t. efnahagshorfum, þáttum sem hafa áhrif á vexti, framboði á lánsfé, gengi gjaldmiðla og viðskiptahindrunum.
- **Mótaðilaáhætta:** Ákveðnar fjárfestingar sjóðsins eru útsettar fyrir útlánaáhættu mótaðila eða miðlara sem sjóðurinn á viðskipti við. Sjóðurinn gæti átt á hættu að tapa eignum sínum við innborgun eða að fram fari uppgjör eða sala allra bréfa hjá miðlara ef til gjaldþrots miðlarans kemur.

Ítarlegar upplýsingar um áhættu sjóðsins er að finna í kaflanum „Áhættuþættir“ í útboðslýsingu undirsjóðsins en hana er hægt að fá hjá umsjónaraðila Apex Fund Services (Ireland) Limited,2nd Floor, Irish Life Centre, Abbey Street Lower, Dublin D01 P767 eða á venjulegum opnunartíma í síma +353 1 411 2949.

Gjöld

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Gjöldin draga úr mögulegum vexti fjárfestingar þinnar.

Einskiptisgjöld sem greidd eru fyrir eða eftir að þú fjárfestir	
	Flokkur A USD (uppsöfnun) óvarinn
Inngöngugjald	Ekkert
Útgöngugjald	Ekkert

Þetta er hámarksupphæðin sem kann að vera dregin af fjármunum þínum áður en andvirði fjárfestingar þinnar er greitt út. Fjárfestar geta fengið upplýsingar um fjárhæð inngöngu- og útgöngugjalds hjá ráðgjafa sínum eða dreifingaraðila. Í vissum tilfellum getur verið að þú greiðir lægri fjárhæð.

Gjöld sem dregin eru af verðbréfasjónum á einu ári	
Viðvarandi gjöld	0,58

Gjöld sem dregin er af verðbréfasjóðnum við tilteknar sérstakar aðstæður	
Árangurstengd þóknun	Engin

Uppgefin inngöngu- og útgöngugjöld eru hámarksfjárhæðir. Í sumum tilfellum (þ.m.t. þegar skipt er yfir í aðra sjóði) kann að vera að fjárfestir greiði minna - fjárfestar geta fengið upplýsingar um fjárhæð inngöngu- og útgöngugjalda hjá fjármálaráðgjafa sínum.

Fjárhæð viðvarandi gjalda er byggð á mati sem reiknað var þegar verið var að stofna sjóðinn. Viðvarandi gjöld geta verið breytileg frá ári til árs. Viðvarandi gjöldin fela í sér hvers kyns viðskiptakostnað sem sjóðurinn greiðir til þjónustuveitenda sinna (t.d. til vörsluaðila sjóðsins) og hvers kyns inngöngu-/útgöngugjöld sem sjóðurinn greiðir við kaup/sölu á hlutdeildarskírteinum í öðrum sjóði. Hins vegar eru önnur viðskiptagjöld almennt ekki innifalin í upphæð viðvarandi gjalda.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í kaflanum „Gjöld og kostnaður" í útboðslýsingu sjóðsins, sem er fáanleg hjá umsjónaraðila Apex Fund Services (Ireland) Limited,2nd Floor, Irish Life Centre, Abbey Street Lower, Dublin D01 P767 eða á venjulegum opnunartíma í síma +353 1 411 2949.
Skjöl með lykilupplýsingum fyrr fjárfesta eru fáanleg á: kkr.com/businesses/credit.

Fyrri árangur

Þar sem ekki eru til gögn um afkomu hlutdeildarflokksins A USD (uppsöfnun) óvarinn fyrir eitt almanaksár eru ekki til nægjanlegar upplýsingar til að veita fjárfestum gagnlega vísbendingu um fyrri árangur.

Undirsjóðurinn var stofnaður 8. júlí 2022.

Hlutdeildarflokkurinn var stofnaður 8. júlí 2022.

Fyrri árangur er reiknaður í Bandaríkjadölum.

Hagnýtar upplýsingar

Vörsluaðili: European Depositary Bank SA, Dublin Branch.

Skjöl og starfskjarastefna: Hægt er að nálgast útprentað eintak af útboðslýsingu sjóðsins, samþykktum hans, skjali með lykilupplýsingum fyrir fjárfesta og nýjustu árs- og hálfsársskýrslum sjóðsins án endurgjalds hjá umsjónaraðila Apex Fund Services (Ireland) Limited,2nd Floor, Irish Life Centre, Abbey Street Lower, Dublin D01 P767 eða á venjulegum opnunartíma í síma +353 1 411 2949. Uppfærða útgáfu af starfskjarastefnu rekstrarfélagsins, þar á meðal, en ekki takmarkað við: (i) lýsingu á því hvernig laun og fríðindi eru reiknuð út; og (ii) deili á þeim sem bera ábyrgð á veitingu launa og fríðinda, þ.m.t. samsetningu starfskjaranefndar, er að finna á https://www.fundrock.com/remuneration-policy/. Þessi skjöl eru fáanleg á ensku.

Ábyrgðaryfirlýsing: Rekstrarfélagið getur eingöngu borið ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem er að finna í þessu skjali sem eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta útboðslýsingar sjóðsins. KKR Multi-Asset Class Credit Platform ICAV er írskt eignastýringafyrirtæki fyrir sameiginlegar fjárfestingar og er regnhlífarfélag með tveimur sjóðum. KKR Multi-Asset Class Credit Platform ICAV er stofnað með takmarkaðri ábyrgð og skráð í Írlandi.

Verð hlutdeildarskírteina og frekari upplýsingar: Upplýsingar um síðustu birt verð hlutdeildarskírteina í sjóðnum má nálgast á www.bloomberg.com, og aðrar upplýsingar um sjóðinn, þ.m.t. hvernig eigi að kaupa og selja hlutdeildarskírteini, er að finna í útboðslýsingunni á venjulegum opnunartíma hjá Apex Fund Services (Ireland) Limited,2nd Floor, Irish Life Centre, Abbey Street Lower, Dublin D01 P767 eða í síma +353 1 411 2949. Þú getur skipt á milli annarra hluteildarflokka sjóðsins hjá félaginu. Inngöngugjald gæti átt við. Ítarlegar upplýsingar um skipti er að finna í útboðslýsingu sjóðsins. Þessi sjóður er undirsjóður KKR Multi-Asset Class Credit Platform ICAV sem er regnhlífarsjóður með aðskilda ábyrgð milli undirsjóða. Þetta þýðir að eignir og skuldir hvers undirsjóðs eru aðgreindar samkvæmt lögum, þannig að eignir sjóðsins tilheyra eingöngu honum og eru ekki tiltækar til að mæta skuldbindingum neins annars sjóðs KKR Multi-Aset Class Credit Platform ICAV.

Skattar: Fjárfestar ættu að hafa í huga að skattalöggjöf sem sjóðurinn fellur undir getur haft áhrif á persónulega skattastöðu þeirra vegna fjárfestinga í sjóðnum.

Þessar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta tengjast hlutdeildarflokknum A USD (uppsöfnun) óvarinn. Aðrir hlutdeildarflokkar sjóðsins eru: A USD (dreifing) óvarinn, A EUR (uppsöfnun) áhættuvarinn, A EUR (dreifing) áhættuvarinn, B USD (uppsöfnun) óvarinn, B USD (dreifing) óvarinn, B EUR (uppsöfnun) áhættuvarinn og B EUR (dreifing) áhættuvarinn. Þessar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta teljast réttar þann 8. júlí 2022.